

Almennir skilmálar íslenskra ríkisskuldabréfa

5. júní 2025



Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð. Ráðuneytið hefur með heimild í lögum falið Seðlabanka Íslands að annast framkvæmd umræddra verkefna, skv. samningi milli ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs. Framkvæmd lánamála skal byggð á útgefinni stefnumörkun ráðuneytisins í lánamálum, í samræmi við fjárlög hverju sinni. Deild Lánamála ríkisins innan Seðlabanka Íslands gefa út ríkisverðbréf f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins í nafni Endurlána ríkissjóðs fyrir reikning og á áhættu ríkissjóðs.

Almennir skilmálar þessir gilda um ríkisskuldabréf í íslenskum krónum sem gefin eru út af ríkissjóði Íslands. Til viðbótar og fyllingar við almennu skilmálana eru gefnir út sértækir skilmálar fyrir sérhvern flokk ríkisskuldabréfa.

1. Almenn

- 1.1. Íslensk ríkisskuldabréf („ríkisskuldabréf“) eru gefin út í tilteknum skuldabréfaflokkum. Öll ríkisskuldabréf í sama skuldabréfaflokki bera sömu skilmála.
- 1.2. Ríkisskuldabréf eru gefin út í íslenskum krónum og er nafnverðseining þeirra ein íslensk króna.
- 1.3. Útgefandi skuldbindur sig til að greiða höfuðstól (einnig nefnt „nafnverð“) ríkisskuldabréfs á lokagjalddaga, vexti á vaxtagjalddögum og verðtryggðar fjárhæðir vegna verðtryggðra ríkisskuldabréfa, í samræmi við skilmála viðkomandi skuldabréfaflokks.
- 1.4. Hvorki útgefandi né skráður eigandi ríkisskuldabréfa getur krafist innlausnar þeirra fyrir lokagjalddaga og enginn forkaupsréttur er á ríkisskuldabréfum.
- 1.5. Við útgáfu á nýjum skuldabréfaflokki gefur útgefandi út sértæka skilmála til viðbótar og fyllingar við almennu skilmálana. Sé misræmi milli ákvæða sértæku skilmálanna og almennu skilmálanna, eða mælt fyrir um að tiltekin atriði skuli vera með öðrum hætti í sértækum skilmálum en lýst er í skilmálum þessum, skulu ákvæði sértæku skilmálanna ganga framár.
- 1.6. Ríkisskuldabréf eru auðkennd með RIKB, eða RIKS ef þau eru verðtryggð, ásamt númeri sem tiltekur gjalddaga viðkomandi skuldabréfaflokks á forminu RIKB áá mmdd eða RIKS áá mmdd.

2. Útgefandi og heimild til útgáfu

- 2.1. Útgefandi, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, er Endurlán ríkissjóðs, kt. 471283-0459.
- 2.2. Deild Lánamála ríkisins innan Seðlabanka Íslands annast sölu ríkisskuldabréfa, eignarskráningu og skráningu á skipulegum markaði, skv. samningi Seðlabankans við fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- 2.3. Heimild til útgáfu ríkisskuldabréfa er í fjárlögum sem samþykkt eru á Alþingi. Heimilt er að auka við magn ríkisskuldabréfa í skuldabréfaflokkum og skal aukning á útgáfumagni vera í samræmi við heimildir í fjárlögum hvers árs.

3. Sala ríkisskuldabréfa

- 3.1. Ríkisskuldabréf eru að jafnaði gefin út með útboðsfyrirkomulagi. Um útboð ríkisskuldabréfa gilda almennir útboðsskilmálar ríkisskuldabréfa, sem birtir eru á heimasíðu Lánamála ríkisins.
- 3.2. Ávöxtunarkrafa og söluverð ríkisskuldabréfa ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma.
- 3.3. Við útgáfu ríkisskuldabréfa greiðir kaupandi fyrir áfallna vexti, og eftir atvikum áfallnar verðbætur.
- 3.4. Ríkisskuldabréf verða afhent rafrænt gegn greiðslu í reiðufé, nema annað sé sérstaklega tekið fram í tilkynningu útgefanda hverju sinni.

4. Eignarskráning

- 4.1. Ríkisskuldabréf eru rafrænt eignarskráð hjá Nasdaq CSD Iceland. Engin áþreifanleg ríkisskuldabréf eru gefin út. Hver skuldabréfaflokkur fær úthlutað ISIN-númeri í samræmi við alþjóðleg viðmið (e. International Securities Identification Numbering System).
- 4.2. Engar hömlur eru á viðskiptum með ríkisskuldabréf fyrir utan þá fyrirvara sem lýst er í 9.1. gr. og 12.2 gr.

5. Skráning á skipulegum markaði

- 5.1. Óskað verður eftir skráningu hvers skuldabréfaflokks á skipulegum markaði í kauphöll Nasdaq Iceland hf.
- 5.2. Verð á ríkisskuldabréfum á skipulegum markaði skulu vera gefin upp á hreinu verði, þ.e. án áfallinna vaxta og eftir atvikum án áfallinna verðbóta.

6. Vextir

- 6.1. Af ríkisskuldabréfum reiknast ársvextir, sem greiddir eru eftirá, einu sinni á ári (á „vaxtagjalddögum“). Á vaxtagjalddaga reiknast vextir fyrir allt viðkomandi vaxtatímabil. Vextir byrja að reiknast af

ríkisskuldabréfum á fyrsta vaxtadegi og síðasti vaxtagjalddagi er á lokagjalddaga hvers skuldabréfaflokks.

- 6.2. Árleg vaxtagreiðsla ríkisskuldabréfa er sú fjárhæð sem fæst með því að margfalda ársvexti með höfuðstóli ríkisskuldabréfs.
- 6.3. Þegar um er að ræða vexti á verðtryggðu ríkisskuldabréfi er árleg vaxtagreiðsla reiknuð með eftirfarandi hætti:

$$\text{Vaxtagreiðsla} = \text{Ársvextir (\%)} \times \text{Höfuðstóll} \times \text{Verðbótastuðull á vaxtagjalddaga}$$

- 6.4. Ef vaxtagjalddagi er ekki á bankadegi færast greiðsla til næsta bankadags á eftir, en vaxtatímabil haldast óbreytt. Bankadagur er virkur dagur þegar bankar og verðbréfamiðstöðvar eru almennt opnar á Íslandi.
- 6.5. Dagaregla ríkisskuldabréfa miðast við raundaga/raundaga (e. actual/actual) og er ICMA aðferð notuð til útreiknings.

7. Verðtrygging

- 7.1. Verðtryggð ríkisskuldabréf eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs („VNV“) sem birt er af Hagstofu Íslands.
- 7.2. Dagvísitala fyrir verðtryggð ríkisskuldabréf á uppgjörssdegi d í uppgjörsmánuði m er reiknuð línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Dagvísitala} = \text{VNV}_{m-2} + \left[\frac{d-1}{D} \times (\text{VNV}_{m-1} - \text{VNV}_{m-2}) \right]$$

Þar sem: VNV_{m-1} er vísitala neysluverðs einum mánuði á undan mánuði m ,
 VNV_{m-2} er vísitala neysluverðs tveimur mánuðum á undan mánuði m ,
 d er mánaðardagur uppgjörs og D er fjöldi daga í mánuði m .

Dæmi: Við útreikning á dagvísitölu fyrir 15. maí er $d=15$, m =maímánuður, $D=31$,
 VNV_{m-2} =vísitala neysluverðs í marsmánuði og VNV_{m-1} =vísitala neysluverðs í aprílmánuði.

- 7.3. Grunnvísitala er tilgreind í sértækum skilmálum hvers verðtryggðs skuldabréfaflokks.
- 7.4. Verðbótastuðull er reiknaður með eftirfarandi hætti:

$$\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala}_{\text{uppgjörssdags}}}{\text{Grunnvísitala}}$$

- 7.5. Verðbótastuðull, dagvísitala og grunnvísitala skulu námunduð með fimm aukastöfum.

8. Lokagjalddagi

- 8.1. Ríkisskuldabréf eru með einn gjalddaga afborgunar höfuðstóls („lokagjalddagi“). Á lokagjalddaga eru ríkisskuldabréf innleyst á nafnverði.
- 8.2. Þegar um er að ræða lokagjalddaga á verðtryggðu ríkisskuldabréfi er innlausnarfjárhæð höfuðstóls reiknuð með eftirfarandi hætti:

$$\text{Innlausnarfjárhæð} = \text{Höfuðstóll} \times \text{Verðbótastuðull á lokagjalddaga}$$

- 8.3. Ef dagvísitala á lokagjalddaga verðtryggðs skuldabréfaflokks er lægri en grunnvísitalan, þá er innlausnarfjárhæð á nafnverði tryggð. Ef lokagjalddagi er ekki á bankadegi færast greiðsla til næsta bankadags á eftir, en útreikningur miðast við skilgreindan lokagjalddaga.
- 8.4. Þegar útgefandi hefur innt af hendi greiðslur til skráðra eigenda hjá verðbréfamiðstöð á lokagjalddaga telst útgefandi hafa staðið skil á greiðsluskyldum sínum vegna ríkisskuldabréfa í skuldabréfaflokki.

9. Framsal og eignarheimild

- 9.1. Einungis er heimilt að framselja ríkisskuldabréf til nafngreinds aðila. Reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt gildandi lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á ríkisskuldabréfum. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafréfinu gagnvart útgefanda.
- 9.2. Réttindi skráðra eigenda til greiðslu af ríkisskuldabréfum miðast við eignarskráningu í verðbréfamiðstöð á réttindadegi. Réttindadagur er einum bankadegi fyrir gjalddaga og ákvarðast af eignarskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi

10. Breytingar á skilmálum

- 10.1. Útgefanda er heimilt að ákveða að sala ríkisskuldabréfa, eignarskráning og skráning á skipulegum markaði, verði með öðrum hætti en fram kemur í skilmálum þessum. Einnig er útgefanda heimilt að breyta skilgreiningu á bankadegi og réttindadegi til samræmis við markaðsvenjur hverju sinni.

11. Óviðráðanleg ytri atvik (e. Force Majeure)

- 11.1. Útgefandi eða Seðlabanki Íslands ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem kann að verða vegna tafar á greiðslu höfuðstóls eða vaxta vegna stríðs eða svipaðra aðstæðna, uppreisna, borgaralegra óeirða, hryðjuverka, skemmdarverka, rafmagns- eða fjarskiptatruflana, náttúruhamfara eða annarra sambærilegra atvika. Á sama hátt ber útgefandi eða Seðlabanki Íslands ekki ábyrgð á tjóni eða tapi vegna tafar á greiðslu höfuðstóls eða vaxta sem rekja má til verkfalla, lokana, sniðgöngu eða hafnarbanna, óháð því hvort útgefandinn sé sjálfur aðili að deilunni eða þó að deilan nái aðeins til hluta af starfsemi útgefanda.
- 11.2. Ef útgefanda, Seðlabankanum eða verðbréfamiðstöð er ekki unnt að gera ráðstafanir í samræmi við þessa skilmála vegna þeirra aðstæðna sem getið er um í 11.1 gr., skal slíkum ráðstöfunum frestað þar til hindrunin hefur verið fjarlægð eða er ekki lengur til staðar.

12. Undanþága frá lögum um gerð lýsingar og takmarkanir á sölu

- 12.1. Þar sem útgefandi er ríkissjóður Íslands er hann undanþeginn skyldu til að gefa út lýsingu, í samræmi við ákvæði laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020.
- 12.2. Ríkisskuldabréf verða ekki skráð samkvæmt bandarísku verðbréfalögunum (U.S. Securities Act of 1933), með áorðnum breytingum, og mega hvorki vera boðinn né seld eða vera afhent í Bandaríkjunum, eða til eða í þágu bandarískra aðila, nema samkvæmt undanþágu frá skráningarskyldu.

13. Meðferð ágreinings

- 13.1. Um ríkisskuldabréfin gilda íslensk lög. Um fyrningu krafna samkvæmt ríkisskuldabréfunum fer eftir lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.
- 13.2. Öll ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við ríkisskuldabréfin skulu leyst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 13.3. Almennu og sértæku skilmálarnir eru þýddir á ensku. Ef misræmi er á milli skilmálanna á ensku og íslensku, gildir íslenska útgáfan.

14. Aðrar upplýsingar

Eftirfarandi er eingöngu veitt til upplýsinga og felur ekki í sér réttindi eða skyldur:

- 14.1. Skattaleg meðferð við kaup, eignarhald eða sölu ríkisskuldabréfa er alfarið á ábyrgð kaupanda, handhafa eða seljanda. Seðlabankinn hvetur viðkomandi aðila til að leita ráðgjafar hjá skattaráðgjöfum varðandi skattalega meðferð á Íslandi eða öðrum ríkjum vegna kaupa, eignarhalds eða sölu ríkisskuldabréfa.